

Sp.

359. Tillaga til þingsályktunar

[189. mál]

um menntun heilbrigðisstarfsfólks.

Flm.: Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til þess, að unnt verði að mennta hérlendis ýmsa starfshópa heilbrigðisþjónustunnar, er nú verða að sækja nám sitt til útlanda. Um er að ræða ýmsa hópa heilbrigðistækna, svo og sjúkra- og iðjuþjálfara, félagsráðgjafa og sálfræðinga. Enn fremur að auka og bæta aðstöðu til kennslu hjúkrunarfólks.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Þau lög veita tæknimenntuðu starfsfólki rétt til starfa innan heilbrigðisþjónustunnar.

Á síðustu ártugum hafa orðið miklar breytingar á starfsliði heilbrigðisþjónustunnar. Fyrrum var fyrst og fremst um lækna og hjúkrunarkonur að ræða, en nú eru æ fleiri sérhæfðir starfshópar teknir inn í kerfi lækningastarfsins.

Skortur á sérhæfðu starfsfólki háir heilbrigðisþjónustunni mjög. Sjúkra- og iðjuþjálfara skortir vegna vaxandi endurhæfingarstarfsemi, sömuleiðis er mikil þörf fyrir aukinn fjölda félagsráðgjafa og sálfræðinga. Það ætti að vera mögulegt að mennta þessa starfshópa hér heima. Háskóli Íslands og Tækniskólinn þyrftu að sinna þessum verkefnum, en mjög nauðsynlegt er að hefjast handa sem allra fyrst, þar sem námið tekur 3—4 ár. Margir sjúklingar fá ekki fullkomna þjónustu og hjálp í dag vegna vöntunar á starfsfólki. Fjöldi ungs fólks óskar eftir að læra þessi störf, en nám erlendis er dýrt og þar að auki vaxandi erfiðleikar að komast inn í skóla í nágrennalöndunum. Væri kennsla í þessum greinum tekin upp hér, mundi það einnig fjölga námsbrautum í vinsælum starfsgreinum. Tækniskóli Íslands hefur í nokkur ár menntað meinataækna með mjög góðum árangri, og hafin er kennsla röntgentækna.

Skortur á hjúkrunarfólki er alþekktur, og mikið hefur verið um hann rætt og ritað á undanfórnum árum, en án árangurs. Knýjandi nauðsyn er því að fjölga hjúkrunarkvinnaskólum eða auka kennslumöguleika þess, sem fyrir er. Meðan skortur er á kennslukröftum, er líklegt, að hægt væri að fá sérmenntaðar hjúkrunarkonur frá nágrennalöndunum til kennslustarfa hér. Fjölgun sérmenntaðs starfsfólks er heilbrigðisþjónustu okkar nauðsynlegra en flestar aðrar umbætur, eigi hún að geta sinnt framtíðarverkefnum sínum á viðunandi hátt.